

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 28. ágúst 2007, kl 17:15.

Mætt: Ólafur Elísson, Elliði Vignisson, Gunnar Friðfinnsson, Sigurjón Ingvarsson, Haraldur Pálsson, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Kosning formanns skólanefndar.

Skólameistari setti fund og bar nefndarmönnum kveðju fráfarandi formanns Jóns Valgeirssonar um leið og Magnús og Haraldur voru boðnir velkomnir, en þeir eru nýir í nefndinni. Síðan var gengið til kosningar nýs formanns og skólanefnd samþykkti samhljóða að Elliði Vignisson tæki við formennskunni.

2. Skólasterfið framundan.

Skólinn var settur 21. ágúst og nú í upphafi annar eru skráðir til náms alls 309 nemendur (270 ársnemendur), en gera má ráð fyrir að ekki komi alveg allir en samt er þetta mjög góð aðsókn. Nýjar námsbrautir eru skipstjórnarnám á 1. stigi (20 skráðir) og grunnnám byggingarmanna (10 skráðir). Einnig er mjög góð aðsókn í vélstjórnarnámið (23 skráðir). Fjórir nemendur stunda fjarnám frá Hvolsvelli. Starfsáætlun haustannar var lögð fram og þar er gert ráð fyrir að próf hefjist 1. desember og útskrifað verði laugardaginn 15. desember.

3. Skipstjórnarnámið.

Innritaðir voru 20 nemendur og af þeim munu líklega 14 – 15 skila sér. Boðið er uppá heimavist á Hótel Hamri og verða þar 4 nemendur. Sigurgeir Jónsson var ráðinn brautarstjóri skipstjórnarbrautar og Bjarki Guðnason mun kenna stöðugleika, en auk þess munu nemendur sækja lotubundið fjarnám við Fjöltækniskólan í tveimur greinum á haustönn og flestir eru einnig í kjarnagreinum, stærðfræði, íslensku og tungumálum. Skólameistari þakkaði Sveini Magnússyni gott starf í vor og sumar við kynningu og undirbúning þess að koma skipstjórnarnáminu af stað á ný.

4. Kennararáðningur niðurstaða.

Auk þeirra kennara sem skólanefnd hafði samþykkt á fundi sínum í maí, voru ráðin í sumar, þau Þórey Þormar (sálfræði og lífsleikni) og Þorbjörn Númason (málmsmiði og suða) auk nokkurra stundakennara. Bertha Johansen sækir um launalaust leyfi, þar sem hún hyggst stunda fullt nám við HR, skólanefnd samþykkti erindið. Lagður var fram listi yfir allar breytingar sem verða á kennaraliðinu frá fyrra ári, en þær eru óvenjulega miklar.

5. Önnur mál.

Elliði kynnti þær tillögur sem snúa að skólanum og eru í hugmyndum bæjarins að mótvægisáðgerðum vegna kvótaniðurskurðar. Sérstaklega var rætt um hugsanlegt námsframboð tengt stafrænni framleiðslutækni (FabLab verkefnið) og tengsl við atvinnulífið í gegnum það. Nefndarmenn ræddu einnig ýmsa möguleika til frekari sóknar sem rétt væri að skoða og lagt var til að ráða verkefnisstjóra til þess. Rætt var um aðstöðu nemendafélagsins til dansleikjahalds og aðkomu þeirra að ungmennahúsi bæjarins (Vosbúð), ásamt ýmsu því tengt.

Samþykkt var að funda annan þriðjudag í mánuði kl 17:15

Næsti fundur verður 11. sept. ef ástæða þykir, annars 9. október

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 19:50
Ólafur H. Sigurjónsson.